

**17. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, 20. April 2016  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi er viðstaddur í gegnum fjarfundarbúnað.

**Dagskrá:**

**1. 1603076 - Sýslumaðurinn á Vestfjörðum - Umsagnarbeiðni, Ártún, gististaður í fl. I**

Lagt fram bréf frá sýslumanninum á Vestfjörðum með ósk um umsögn um útgáfu gistileyfis fyrir gististað í flokki I að Ártúni (Strandgötu 26), Tálknafirði að hámarki 8 gestir.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis sé húsnæðið í samræmi við samþykktu uppdætti og felur byggingarfulltrúa að ganga úr skugga um að svo sé.

**2. 1604059 - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu.**

Tekinð fyrir deiliskipulag flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu-matslýsing.

Um er að ræða matslýsingu fyrir deiliskipulag flóðvarnargarðs í Geitárhliðum og íbúðarhverfis ofan Strandgötu. Deiliskipulagssvæðið er samtals 18 ha.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir matslýsinguna og mælist til þess að haft verði samráð við Skipulags- og Umhverfisstofnun um umfang og áherslur í umhverfisskýrslu.

**3. 1604058 - Breyting á Aðalskipulagi - þéttbýlisuppdráttur.**

Tekin fyrir breyting á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-2018, lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á jaðarsvæðum í þéttbýli Tálknafjarðar. Hlíðar ofan byggðar, lækjarfarvegir, gil, árbakkar, fjörur og strandsvæði eru skilgreindar sem opið svæði til sérstakra nota í staðinn fyrir óbyggð svæði. Mörk þéttbýlis eru einnig stækkuð til austurs. Fyrirhuguð er einnig stækkun hafnarsvæðis á Tálknafirði en aukin umsvif vegna fiskeldis og aukin eftirspurn eftir lóðum á hafnarsvæði kalla á stækkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu.

Helstu forsendur fyrir breytingunni er að víkka út möguleika til mannvirkjagerðar í útjaðri þéttbýlis í Tálknafirði hvort sem er til útivistar eða ofanflóðavarna sem og aukið athafnarými á hafnarsvæði Tálknafjarðar.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir sitt leyti skipulags- og matslýsinguna og mælist til þess að haft verði samráð við Skipulagsstofnun og aðra lögbundna aðila vegna lýsingar skipulagsverkefnisins og um umfang og áherslur í umhverfisskýrslu og að hún verði kynnt fyrir almenningi.

#### **4. 1501058 - Deiliskipulag - Bæjarvík**

Deiliskipulag fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar í Tálknafirði tekið fyrir.

Tillagan var auglýst frá 22. febrúar til 4. apríl 2016 og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Umsagnir liggja fyrir frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og Minjaverði Vestfjarða. Umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____